

Skýrsla stjórnar 2018-2019 kynnt á aðalfundi 30. janúar 2020

Markmið Félags um menntarannsóknir er að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Stjórn FUM 2018-2019

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, formaður
Birna Svanbjörnsdóttir, ritari
Sólveig Jakobsdóttir, gjaldkeri
Guðlaug Erlendsdóttir
Ómar Örn Magnússon
Oddný Sturludóttir
Varamenn:
Ingvar Sigurgeirsson
Kristján Hreinsson

Dagskrá aðalfundar

Skýrsla stjórnar
Skýrslur nefnda og starfshópa eftir því sem við á
Reikningar félagsins
Lagabreytingar
Ákvörðun félagsgjalda
Stjórnarkjör
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
Nefndakjör
Önnur mál

Vorráðsstefna 2018

Ráðstefna FUM vorið 2018 bar heitið *Menntun, samfélag og samvinna*. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóla, Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Umboðsmann barna, Menntavísindastofnun HÍ og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Markmið ráðstefnunnar var að leiða saman fagfólk, fræðimenn, fulltrúa stjórnvalda, nemendur og foreldra til að ræða sameiginlega ábyrgð á mótun og framkvæmd menntastefnu. Á ráðstefnunni var fjallað á heildstæðan hátt um menntun og tengsl formlegs og óformlegs náms; um öll skólástig frá leikskóla til háskóla og um óformlegt nám, æskulýðs- og tómstundastarf og menntun sem fólk aflar sér utan við skólakerfið.

Aðalfyrirlesarar voru Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og Dr. Helen Janc Malone, Director of Institutional Advancement and Education Policy við Institute of Educational Leadership í Washington.

Þrír styrkir fengust vegna ráðstefnunnar, 250.000 kr frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 200.000 kr. frá Menntavísindasviði HÍ og 100.000 kr. Kennarasambandi Íslands. Ókeypis var inn á ráðstefnuna fyrir félaga í FUM og nemendur. Aðrir greiddu 3.000 kr. skráningargjald. Boðið var upp á kaffi og léttar veitingar í lok ráðstefnunnar.

Samfélagsmiðlar FUM

Félag um menntarannsóknir heldur úti heimasíðu með upplýsingum fyrir félagsmenn og áhugasama. Þá heldur félagið úti fésbókarsíðu þar sem upplýsingum er miðlað um áhugaverða viðburði.

Hringborðsumræður á Menntakviku haustið 2019

Félag um menntarannsóknir stóð fyrir hringborðsumræðum um **samfélagsleg áhrif menntarannsókna á ráðstefnunni Menntakviku 4. október 2019.**

Viðfangsefni hringborðsumræðnanna var: Samfélags áhrif menntarannsókna og kveikjur sem stuðst var við voru þrjár: Hvernig geta menntarannsóknir aukið gæði skólastarfs og menntunar? Hvernig má efla samvinnu rannsakenda og fagfólks? Hvernig geta menntarannsóknir breytt samfélaginu?

Frummælendur voru Kristján Kristjánsson heimspekingur, Nanna Kristín Christiansen verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði, Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri og Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor við Menntavísindasvið. Hringborðsumræðum stjórnaði Kolbrún Þ. Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs og formaður stjórnar FUM. Oddný Sturludóttir, stjórnarkona FUM var ritari umræðna og er samantekt aðgengileg [hér](#)

Tímarit um uppeldi og menntun

Breytingar urðu á aðkomu Félags um menntarannsóknir að útgáfu tímarits á sviði menntarannsókna þegar að tímaritin *Uppeldi og menntun* og *Tímarit um menntarannsóknir* sameinuðust í *Tímarit um uppeldi og menntun*. Áður hafði FUM staðið að útgáfu Tímarits um menntarannsóknir og voru áskriftargjöld að tímaritinu innifalin í félagsgjaldi. Frá 2018 tók Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólinn á Akureyri alfarið við rekstri og útgáfu Tímarits um uppeldi og menntun. Félag um menntarannsóknir er þó aðili að samningi um útgáfuna og á tvo fulltrúa í ritnefnd tímaritsins. Sérstaklega er kveðið á um í samningi um útgáfuna að FUM skuli árlega standa að viðburði sem miðlar efni sem eflir menntarannsóknir. Velja þarf nýja fulltrúa í ritnefnd.

Lokaorð

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum þegar kemur að framþróun menntunar. Alvarlegur skortur kennurum í leikskóla og, í vaxandi mæli, einnig í grunnskólum setur mark sitt á skólastarf og á umræðu um menntamál. Menntarannsóknir eru lykillinn að því að afla þekkingar á menntakerfinu, og hlutverki ólíkra stofnana og fagstétta. Menntarannsóknir varpa ljósi á hugmyndir um fagmennsku, gæði náms og kennslu og um sjónarhorn ólíkra hagsmunaðila. Það er von mín að Félag um menntarannsóknir geti lagt sitt af vogarskálum til að hvetja til menntarannsókna og skapa samtal milli rannsakenda, kennara og annarra hagsmunaaðila í samfélaginu.

Fyrir hönd stjórnar,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir